

Ed.

162. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meðan nefndin hafði frumvarp þetta til athugunar, þarust henni tilmæli sandgræðslustjóra um aukna breytingu á 13. gr. laganna, er miða skal að tryggilegri meðferð á búfé því, er sækir þrálátlega í fullgildar og ógallaðar sandgræðslugirðingar. Vill nefndin taka þessi tilmæli til greina, og enn fremur þótti henni rétt að breyta að nokkru orðalagi frumvarpsins frá því, sem neðri deild samþykkti.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

13. gr. laganna orðist svo: Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafist, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögnum.

Alþingi, 8. okt. 1943.

Páll Hermannsson,
form.

Eiríkur Einarsson,
fundaskr., frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

Haraldur Guðmundsson.

Kristinn E. Andrésson.